

Alþingi

Erindi nr. B 115 / 585

komudagur 5 / 3 1992



Menntamálanefnd Alþingis
-Sigríður A. Þórðardóttir, form.-

Hólum 1. mars 1992

150 Reykjavík

Vísað er til bréfs yðar frá 14. febrúar s.l. varðandi frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.


Í upphafi skal þakkað að Bændaskólanum er gefið tækifæri til að segja álit sitt á fyrrnefndu frumvarpi því aukinn fjöldi nemenda hans eru viðskiptavinir sjóðsins.

Undanfarin ár hefur aðsókn að Bændaskólanum á Hólum verið mjög góð. Kröfur til þeirra sem hér hefja nám hafa að sama skapi vaxið og því hefur meðalaldur nemenda hækkað. Jafnframt hefur fjölskyldufólki fjölgað. Þetta hefur orðið til þess að margir nemendur skólans hafa átt viðskipti við Lánasjóðin og hafa þau viðskipti verið forsenda þess að þeir sækji nám að skólanum. Við yfirlestur þessa frumvarps er ekki að sjá annað en þessi viðskipti geti haldið áfram en vissulega verða kjörin óhagstæðari fyrir lántakendur. Sérlega á það við um endurgreiðslu, en þar sem námið hér er stutt verður endurgreislan mjög ör.

Bændaskólinn telur það ekki vera sitt hlutverk að hafa álit á einstökum breytingum s.s. vöxtum og örari endurgreiðslu en óttast þó að breytt kjör geti haft áhrif á löngun manna til náms.

Bændaskólinn telur eðlilegt að gera kröfur um námsárangur og að lengd náms verði afmarkað í tíma betur en nú er. Það verður hins vegar að vera verk skólastjórnenda en ekki sjóðsstjórnar. Hins vegar er ekki hægt að taka undir ákvæði um örari endurgreiðslu hjá þeim sem ekki ljúka námi. Ástæður þess geta verið með þeim hætti að ákvæðið verður að vera undanþægt.

F.h. Bændaskólans á Hólum


Sveinbjörn Eyrólfsson
skólastjóri.